

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0050
LA

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita á Mosfellsheiði.

Við er í bréf Orkustofnunar, dags. 23. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Orkuveitu Reykjavíkur sem sækir um leyfi til rannsókna og leitar að jarðhita á Mosfellsheiði innan sveitarfélaganna í Grímsnesi- og Granfingshreppi og Ölfusi.

Rannsóknaráætlun er skipt upp í tvo áfanga:

- Áfangi 1; yfirborðsrannsóknir, fyrst og fremst sprungukortlagning, greining á skjálftagögnum og viðnámsmælingar.
- Áfangi 2; Borun tveggja rannsóknarholna niður á 1500 til 2500 m [dýpi]

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér rannsóknir og rannsóknaráætlun í umsókn Orkuveitu Reykjavíkur.

Afmörkun rannsóknarsvæðis á Mosfellsheiði skarast við friðlýst vatnsverndarsvæði Þingvallavatns, ásamt grann-, fjarsvæði- og brunnsvæði vatnsverndar á Mosfellsheiði. Svæðið skarast einnig við svæði á C-hluta náttúruminjaskrár, Hengilssvæðið, og innan svæðisins eru náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Þá skal hafa í huga að Hengilssvæðið er vinsælt útivistarsvæði í jaðri þéttbýlis.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við útgáfu rannsóknarleyfis vegna rannsókna, en stofnunin óskar eftir því að vera upplýst um staðsetningu rannsóknarborana þegar hún liggur fyrir. Þá gerir stofnunin ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur þess verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur